

**Nd.**

**130. Frumvarp til laga**

**[79. mál]**

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Björn Ólafsson.

**1. gr.**

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Undanþegin útsvari er fjárhæð, sem aðili hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá niðurjöfnunarnefnd borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, var afgreitt til nefndar, en hlaut ekki frekari afgreiðslu.

Um rök fyrir því, að æskilegt má telja að styrkja viðleitni manna til að efla mannúðar- og menningarstarf með frjálsum framlögum, visast til greinargerðar á þingskjali 129. Eðlilegt þykir, að tekjur þær, sem notaðar eru til þessarar styrktarstarfsemi, komi ekki heldur til álita, þegar útsvör eru á lögð, og má reyndar telja, að settu marki verði ella ekki náð. Af þessum sökum er frumvarp þetta fram borið.